

3. kafli – Lönd og þjóðerni

Þjóðerni

Á haustin koma rúmlega 200 nýir stúdentar í íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Stúdentarnir eru af ýmsu þjóðerni, t.d. Malasar, Indónesar, Bretar, Þjóðverjar, Belgar, Filippseyingar, Kanadamenn og margir fleiri. Flestir eru Evrópubúar en sumir eru frá hinum heimsálfunum; Afríku, Asíu, Eyjaálfu (Ástralíu), Norður-Ameríku og Suður-Ameríku. Líklega tala flestir ensku og margir tala spænsku og frönsku en móðurmál þeirra eru auðvitað fjölmörg. Sumir eru að fara í fyrsta sinn að heiman. Mörgum finnst það vera spennandi reynsla að prófa að búa í nýju landi en öðrum finnst það erfitt. Margir stúdentar fara heim til sín eftir eitt ár í íslenskunámi en það eru þó alltaf nokkrir sem verða eftir og fara heim eftir þrjú ár að námi loknu. Aðrir hafa búið á Íslandi árum saman og segjast vera heima þegar þeir eru á Íslandi.

Verkefni 3.1

1. Fyllið í eyðurnar.

<i>Hvert</i> ertu að fara?	Ég er að fara <i>heim</i> .	→ ●
<i>Hvar</i> ertu?	Ég er <i>heima</i> .	●
<i>Hvaðan</i> komstu?	Ég kom að <i>heiman</i> .	● →

Hvert?	Hvar?	Hvaðan?
→ ●	●	● →
heim	heima	að heiman
_____	þarna/þar	þaðan
hingað	hérna/hér	_____
út	_____	að utan
inn	inni	_____
upp	_____	að ofan
_____	niðri	að neðan

2. Talaðu við nemandann sem situr við hliðina á þér.

Hvaðan ertu? Hvar býrðu? Hvar býr besti vinur þinn / vinkona þín? Hvert ætlar þú að fara í kvöld? Þekkir þú fleiri spurnarorð í íslensku en *hvar*, *hvert* og *hvaðan*?

3. Er líka talað um móðurmál og föðurland í ykkar móðurmálum?

4. Í hvaða falli eru undirstrikuðu nafnorðin í setningunum?

Ég heiti Jón (_____ fall). Ég er íslenskur og þess vegna er ég Íslendingur (_____ fall). Íslenska (_____ fall) er móðurmál mitt. Ísland (_____ fall) er föðurland mitt. Ég er frá Íslandi (_____ fall). Ég tala íslensku (_____ fall).

5. Fyllið í eyðurnar.

Ég heiti _____. Ég er _____ og þess vegna er ég _____. _____ er móðurmál mitt. _____ er föðurland mitt.

6. Hér er listi yfir nokkur lönd, íbúa þeirra, þjóðerni og tungumál. Ljúkið við töfluna. Þessi vefsíða hjálpar ykkur: <https://www.arnastofnun.is/is/rikjaheiti>.

land	íbúi (no.)	þjóðerni (lo.)	tungumál
Bandaríkin			
Bretland			
Danmörk			
Eþíópía	Eþíópíumaður	eþíópískur	
Finnland			
Frakkland			
Færeyjar			
Grænland			
Kamerún	Kamerúni	kamerúnskur	
Kína	Kínverji	kínverskur	
Noregur			
Spánn	Spánverji		
Svíþjóð			
Þýskaland			

7. Talaðu við nemandann sem situr við hliðina á þér.

Hvaðan eru Frakkar? Hvaðan eru Þjóðverjar? Hvaðan eru Taílandingar?
Hvaðan eru Suður-Afríkubúar? Hvaðan eru Danir, Norðmenn, Svíar,
Finnar, Færeyingar, Grænlandingar, Bretar, Skotar, Írar ...?

Draumalandið mitt

Hanna Ampula **lætur vel af** landi og tungu

Hanna Ampula frá Finnlandi er nemi á þriðja ári í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Upphaflega **lagði hún þó ekki leið sína** til Íslands til að læra tungumálið: „Ég kom hingað fyrst og fremst til að skoða landið og ferðast. Ísland var búið að vera draumalandið mitt lengi.“ Hún segist hafa skráð sig í Háskóla Íslands **í því augnamiði** að læra eitthvað annað en íslensku en **breytti um stefnu** og skráði sig í íslensku sem annað mál.

Hanna segir námið hafa verið mjög erfitt í byrjun enda sé íslenskan af allt annarri málafjölskyldu en finnskan og næstum ekkert sé líkt með málunum. Hún **var stundum að því komin** að gefast upp en **þraukaði þó** enda segist hún hafa fengið góða hvatningu frá heimamönnum: „Ég tala yfirleitt alltaf íslensku þegar ég fer út í búð eða geri hina og þessa hversdagslegu hluti. Flestir taka mér mjög vel og verða glaðir þegar þeir heyra mig tala íslensku.“

Hanna segist enn fremur vera mjög ánægð þegar fólk skiptir ekki yfir í ensku þegar það heyrir að hún er útlendingur en það er vandamál sem margir erlendir stúdentar hér á landi **eiga við að etja**. „Það kom reyndar stundum fyrir en þá neitaði ég að tala ensku, hélt bara áfram að tala íslensku.“ Þegar Hanna var spurð hvernig hefði gengið að kynna landsmönnum sagði hún það hafa verið erfitt í fyrstu. „Ég var líka mest með útlendingum en smátt og smátt fór ég að kynna Íslendingum,“ segir Hanna og bætir við að Íslendingar séu yfirleitt mjög vinsamlegir.

Hanna segir fjölskyldu sína hafa **tekið vel í** íslenskunámið. „Mamma og pabbi skildu þetta mjög vel enda var ég búin að tala um Ísland síðan ég var lítil og að þangað ætlaði ég einhvern tímann að fara.“ Hún bætir við að stundum spyrji þau hvenær hún ætli að koma til baka. „Þau eru kannski hrædd um að ég ætli að vera á Íslandi alla ævi. Þau vita þó að mér líður vel hér og þá eru þau ánægð.“

Sjálf hefur Hanna ekki **tekið neina ákvörðun** um hversu lengi hún ætlar að dvelja hér á landi. „Ég hugsa málið á hverju vori. Fyrst ætlaði ég bara að vera hérna í hálf ár, síðan var ég í eitt ár í viðbót og nú er ég búin að vera hérna í tvö ár,“ sagði Hanna Ampula að lokum.

Verkefni 3.2

1. Tengdu á milli orða og orðasambanda í A sem hafa sömu merkingu og orðin og orðasamböndin í B. Athugaðu að orðasamböndin í A eru **feitlettruð** í textanum.

A	B
1. láta vel af e-u	_____ ákveða
2. leggja leið sína	_____ berjast við e-ð
3. í því augnamiði	_____ gefast ekki upp, halda út
4. breyta um stefnu	_____ fara
5. vera að því kominn	_____ vera ánægður með, tala vel um e-ð
6. þrauka	_____ í þeim tilgangi
7. eiga við e-ð að etja	_____ skipta um skoðun
8. taka vel í	_____ vera jákvæður gagnvart
9. taka ákvörðun	_____ vera næstum því búinn að gera e-ð

2. Í hvaða tilgangi kom Hanna fyrst til Íslands?

3. Hvað var erfitt í upphafi dvalarinnar og af hverju? Hvað gerði hún til að gera það auðveldara?

4. Hvert er sameiginlegt vandamál sem erlendir stúdentar hér eiga við að etja? Hvað segir Hanna að best sé að gera?

5. Hvað segja foreldrar hennar um Íslandsvölinna?

6. Hvað hefur Hanna hugsað sér að vera lengi á Íslandi?

7. Tengdu á milli orða og orðasambanda í A sem hafa sömu eða svipaða merkingu og orðin og orðasamböndin í B. Athugaðu að orðasamböndin í A eru undirstrikuð í textanum.

A	B
1. fyrst og fremst	_____ aðallega
2. mjög	_____ aðeins
3. næstum	_____ af og til, við og við
4. þó	_____ afar, rosalega
5. yfirleitt	_____ hér um bil
6. enn fremur	_____ hugsanlega, ef til vill
7. stundum	_____ í byrjun
8. í fyrstu	_____ líka
9. smátt og smátt	_____ oftast
10. kannski	_____ smám saman
11. bara	_____ samt

Fallbeyging sérnafna

Nöfn á löndum og borgum eru sérnöfn eins og mannanöfn og hafa því fjögur föll. Mörg landaheiti og borgarheiti eru íslenskuð og beygjast eftir íslenskum reglum. Gott er að fara á vefinn Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (bin.arnastofnun.is) til að sjá beygingu íslenskra sérnafna.

Frumlag er í nefnifalli → *Reykjavík* er höfuðborg Íslands.

Forsetningin *um* stjórnar alltaf þolfalli → Ég hef ferðast mikið um *Ísland*.

Forsetningin *frá* stjórnar alltaf þágufalli → Inga er frá *Íslandi*.

Forsetningin *til* stjórnar alltaf eignarfalli → Ég fer til *Íslands* á morgun.

	karlkyn		kvenkyn		hvorugkyn	
nefnifall	Noregur	Spánn	Danmörk	Ítalía	Ísland	Kína
þolfall	Noreg	Spán	Danmörku	Ítalíu	Ísland	Kína
þágufall	Noregi	Spáni	Danmörku	Ítalíu	Íslandi	Kína
eignarfall	Noregs	Spánar	Danmerkur	Ítalíu	Íslands	Kína

Verkefni 3.3

Settu nöfnin í rétt fall.

1. _____ (Noregur) er fallett land.
2. Guðrún ferðaðist um allt _____ (Ísland) í sumar.
3. Inga fór til _____ (Kína) í fyrra.
4. Við ferðuðumst lengi um _____ (Danmörk) og _____ (Svíþjóð).
5. Hvenær ferðu til _____ (Spánn)?
6. Mamma hans er frá _____ (Ítalía) og pabbi hans frá _____ (Rússland).
7. Farðu á bin.arnastofnun.is og finndu beygingu landaheitanna Austurríki og Brasilía.

Hér eru _____ og _____.

Við ferðuðumst um _____ og _____.

Þau eru frá _____ og _____.

Við fórum til _____ og _____.

suður, norður, vestur, austur

Hvert?	Hvar?	Hvaðan?
→ ●	●	● →
norður	fyrir norðan	að norðan
suður	fyrir sunnan	að sunnan
vestur	fyrir vestan	að vestan
austur	fyrir austan	að austan

Hvaðan varstu að koma? Ég var að koma *að vestan*. ● →

Hvert ertu að fara? Ég er að fara *suður*. → ●

Hvar ertu? Ég er *fyrir austan*. ●

Austfirðingur

Sigurður er fæddur á Egilsstöðum en býr núna í Reykjavík. Hann fer **mjög** oft austur að heimsækja foreldra sína. Hann ætlar t.d. að fara þangað núna um helgina með fjölskyldu sinni.

Vigdís, konan hans, er frá Akureyri en foreldrar hennar fluttu suður þegar hún var unglingur svo að hún fer **óskaplega** sjaldan norður. Sigurður og Vigdís eiga tvo stráka, Þórð 11 ára og Vigni 12 ára. Þeir eiga að keppa í fótbolta á Egilsstöðum á laugardaginn. Þeir eru báðir **gríðarlega** efnilegir fótboltamenn. Strákarnir eru alltaf **afar** ánægðir fyrir austan hjá ömmu sinni og afa svo að þeir ætla að vera lengur hjá þeim. Þeir fara svo til Reykjavíkur í ágúst þegar skólinn byrjar. Á meðan strákarnir eru á Egilsstöðum hjá ömmu og afa ætla Sigurður og Vigdís að fara til Parísar. Þau hlakka **afskaplega** mikið til að geta verið tvö ein saman í heila viku. Það er orðið **fjarskalega** langt síðan þau fóru ein til útlanda.

Verkefni 3.4

1. Svaraðu spurningunum og fylltu í eyðurnar.

Hvaðan er Sigurður? _____ (austur)

Hvaðan er Vigdís? _____ (norður)

Hvert ætla þau að fara um helgina? _____ (austur)

Hvernig er Reykjavík í eignarfalli? _____

Þau fara öll til _____ (Egilsstaðir) um helgina. Þórður og

Vignir fara til _____ (Reykjavík) í ágúst. Sigurður og Vigdís

fara saman til _____ (Frakkland) í sumar.

2. Í textanum eru sex atviksorð sem eru feitletuð. Hvaða hlutverk hafa þau?

3. Finndu fleiri atviksorð á borð við feitletuðu orðin.

Samtengingar

Aðaltengingar eru notaðar til þess að tengja saman tvö orð, tvo setningarliði eða tvær aðalsetningar. Í íslensku eru tengingarnar *og*, *eða*, *en* aðaltengingar.

- X *og* Z tengir saman atriði sem eru lík.
 - Viltu epli *og* sítrónu?
- X *eða* Z tengir saman atriði sem má velja á milli.
 - Viltu epli *eða* sítrónu?
- X *en* Y tengir saman liði sem eru bornir saman. Sá seinni er í andstöðu við þann fyrri.
 - Epli er sætt *en* sítróna er súr.

Stundum eru aðaltengingar fleiri en eitt orð. Þær eru kallaðar fleiryrtar aðaltengingar. Í íslensku eru samtengingarnar *bæði og*, *hvorki né* og *annaðhvort eða* fleiryrtar aðaltengingar.

- *bæði X og Z* tengir saman atriði sem eru lík.
 - Ég vil *bæði* epli og sítrónu.
- *hvorki X né Z* tengir líka saman atriði sem eru lík. Merking samtengingarinnar *hvorki ... né* felur í sér neitunina *ekki*.
 - Ég vil *hvorki* epli *né* sítrónu (= Ég vil ekki epli og ekki sítrónu).
- *annaðhvort X eða Z* tengir saman atriði sem má velja á milli.
 - Ég vil *annaðhvort* epli *eða* sítrónu.
- *ýmist X eða Z* tengir saman atvik sem gerast til skiptis.
 - Ég spila *ýmist* á gítar *eða* trommur.

Verkefni 3.5

Settu rétta aðaltengingu í textann.

Kristín býr í sveit fyrir norðan. Hún á tvær systur _____ einn bróður. Kristín býr ein _____ hún er mjög sjaldan ein af því að hún á stóra fjölskyldu. Hún á þrjá syni _____ hún á enga dóttur. Hún er með hesta _____ kindur _____ ekki kýr. Í sumar ætlar hún að taka sér sumarfrí. Hún þarf að fá vini _____ ættingja til að passa dýrin.

Hún ætlar _____ að fara til Danmerkur eða ferðast um Ísland. Í dag ætlar hún að fara út í búð. Hún fer _____ í Bónus _____ Krónuna. Í dag fer hún í

Krónuna. Hún ætlar að kaupa epli, banana _____ appelsínur, _____ hún ætlar _____ að kaupa perur _____ sítrónur af því að henni finnst þessir ávextir vondir. Svo ætlar hún að kaupa _____ fisk _____ skyr.